

# Reglur um styrki til uppbyggingar- og þróunarverkefna í starfsendurhæfingu

## 1 Inngangur

Markmið Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) er samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Sjóðurinn gegnir einnig því hlutverki að efla og auka þekkingu og reynslu í starfsendurhæfingu hér á landi og skal fjármunum sjóðsins þannig m.a. ráðstafað til þekkingarþróunar í starfsendurhæfingu til að tryggja að áherslur, aðferðir og úrræði í starfsendurhæfingu verði sem árangursríkust.

VIRK kaupir starfsendurhæfingarúrræði í samræmi við þarfir þeirra einstaklinga sem njóta þjónustu ráðgjafa stéttarfélaganna. Þessar þarfir eru metnar af ráðgjöfum stéttarfélaganna, sérfræðingum VIRK og utanaðkomandi sérfræðingum og matsaðilum og reynt er að byggja á gagnreyndri þekkingu hvað þetta varðar þegar því verður viðkomið. Þetta er megin stefna VIRK er varðar ráðstöfun á fjármunum til starfsendurhæfingarúrræða.

Aðstæður geta verið til staðar þar sem ráðstöfun fjármuna til þróunarverkefna er líkleg til að stuða að þróun og árangri starfsendurhæfingarúrræða. Hér eru sett fram viðmið um ráðstöfun fjár af ráðstöfunarfé VIRK í þess konar úrræði eða verkefni.

## 2 Markmið og áherslur

Markmiðið með styrkveitingum til þróunar- og nýsköpunarverkefna samkvæmt þessum reglum er að stuðla að aukinni fjölbreytni og framboði úrræða í starfsendurhæfingu á Íslandi og þróun þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem styðja við markmið og verkefni Starfsendurhæfingarsjóðs og stuðla að eflingu og fjölbreytni atvinnutengdra úrræða.

Við mat á verkefnum sem njóta þróunarstyrkja skal farið eftir faglegu mati VIRK á þörf og væntum árangri þessara verkefna út frá markmiðum VIRK. Einnig er það forsenda að verkefnið mæti þörf fyrir úrræði þar sem til staðar er greinilegur skortur hvort sem hann er vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna þess að viðkomandi úrræði hefur ekki áður verið þróað hér á landi eða er ekki til staðar. Verkefni þurfa því að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Verkefni sem stuðla að uppbyggingu á starfsendurhæfingarúrræðum sem ekki eru til staðar hér á landi eða á tilteknu landsvæði og ljóst er að muni gagnast einstaklingum sem njóta þjónustu VIRK.
- Verkefni sem hafa það að markmiði að styðja við eða styrkja þjónustu á landsbyggðinni tímabundið þannig að mögulegt sé að byggja hana upp til framtíðar – t.d. með því að fá viðeigandi fagaðila til starfa.

## 3 Ýmis skilyrði

Þeir styrkir sem veittir eru samkvæmt þessum reglum skulu einungis hafa það að markmið að þróa og koma tilteknum úrræðum af stað. Ekki eru veittir styrkir til að fjármagna rekstur úrræða til lengri tíma.

VIRK mun ekki bera neina rekstrarlega ábyrgð á þeim verkefnum sem fá styrki samkvæmt þessum reglum og aðilar sem tengjast VIRK (starfsmenn, stjórnarmenn og ráðgjafar stéttarfélaganna) mega ekki koma að rekstri þessara úrræða sem eigendur, starfsmenn eða stjórnarmenn. Verkefnið getur hins vegar verið unnið í samvinnu við sérfræðinga VIRK eða ráðgjafa stéttarfélaganna til að tryggja betur að árangur þess styðji við markmið og verkefni VIRK.

Sú rekstrareining sem fær styrk samkvæmt þessum reglum getur ekki reitt sig á áframhaldandi stuðning eða styrk frá VIRK en getur boðið fram þjónustu til ráðgjafa VIRK eins og aðrir þjónustu- og úrræðaaðilar.

VIRK fer fram á að í umsókn um styrk samkvæmt þessum reglum komi fram eftirfarandi þættir:

- Ítarleg lýsing á því verkefni sem um ræðir. Allir þættir skulu settir þannig fram að þeir eru sýnilegir og skiljanlegir
- Verk- og tímaáætlun vegna verkefnisins með skilgreindum verkþáttum, markmiðum og leiðum
- Rökstuðningur fyrir því að verkefnið uppfylli markmið, áherslur og skilyrði þessara reglna
- Rökstuðningur fyrir því að verkefnið leysi skilgreindan vanda í starfsendurhæfingu á árangursríkan hátt með tilliti til þess að auðvelda fólki enturkomu til vinnu.
- Rökstuðningur fyrir því að um sé að ræða þjónustu /úrræði sem ekki er til staðar á viðkomandi upptökusvæði eða að það fullnægi ekki eftirspurn
- Ítarleg viðskiptaáætlun þ.m.t. fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þar sem fram koma upplýsingar um einstaka þætti tekna og gjalda. Þessi áætlun skal ná bæði til þróunartíma verkefnisins og einnig skal gera grein fyrir rekstrargrunni verkefnisins til framtíðar – þ.e. útskýra hvernig verkefnið muni ganga fjárhagslega þegar styrkveitingu er lokið.

Styrkþegar skulu afhenda VIRK framvinduskýrslu ef þess er krafist og lokaskýrslu um árangur verkefnisins við verklok.

## 4 Umsókn og ákvörðun

Umsóknir um styrki skulu berast á formlegan hátt til framkvæmdastjóra VIRK. Umsókn skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í þessum reglum. Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar af framkvæmdastjórn Starfsendurhæfingarsjóðs að fenginni umsögn frá sérfræðingum sjóðsins.

## 5 Fjárhæðir

Heildarfjárhæðir til styrkveitinga koma fram í árlegri fjárhagsáætlun sem samþykkt er af stjórn sjóðsins. Einstakar styrkveitinar skulu vera á bilinu fimm hundruð þúsund til sex milljónir króna eftir eðli og stærð verkefna. Hver einstakur styrkur skal að jafnaði ekki nema hærri fjárhæð en sex milljónum króna.

Heimilt er þó að veita hærri styrki en sex milljónir ef verkefnið uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

- Stofnkostnaður vegna verkefnisins er mjög hár og sýnt þykir að rekstur þessa úrræðis muni á næstu 5-10 árum ekki ná að skila tekjum til að mæta þessum kostnaði
- Framkvæmd verkefnisins hefur mikla þýðingu fyrir þróun starfsendurhæfingar hér á landi

## 6 Afhending styrkja og endurgreiðsla

Styrkur samkvæmt þessum reglum er greiddur út í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og verk- og tímaáætlun verkefnisins (sbr 3. grein). Styrkþegi skal skila reglulega framvinduskýrslum ef þess er krafist og ef sýnt þykir að verkefninu eða einstökum þáttum þess ljúki ekki í samræmi við framlagða

verk- og tímaáætlun skal styrkþegi gera VIRK grein fyrir ástæðum þess. Í þeim tilfellum er VIRK heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega.

Verði ekki af verkefninu eða ef því lýkur ekki innan þess tíma sem gert er ráð fyrir er VIRK einnig heimilt að fara fram á að styrkþegi endurgreiði VIRK þann styrk sem greiddur hefur verið.

Samþykkt á stjórnarfundum Starfsendurhæfingarsjóðs 2. september 2010.